

LÍFEYRISSJÓÐUR
STARFSMANNA
REYKJAVÍKURBORGAR

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2020

2021-03-26

TBG ehf.

Tryggingastærðfræðistofa Bjarna Guðmundssonar ehf.
Grensásvegi 7 – 108 Reykjavík

Til stjórnar og framkvæmdastjóra
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

2021-03-26

Eftirfarandi tryggingafræðileg athugun á stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar í lok árs 2020 er unnin að beiðni stjórnar sjóðsins í samræmi við ákvæði 6. greinar samþykpta sjóðsins. Athuginin er gerð í samræmi við ákvæði l. 129/1997, ákvæði reglugerðar 391/1998 og með hliðsjóna af leiðbeinandi reglum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana frá árinu 2002. Tryggingafræðileg athugun var síðast gerð miðað við stöðu sjóðsins í lok árs 2019.

Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins.

Samþykktum sjóðsins var ekki breytt á árinu 2020.

Mat á skuldbindingum byggir á upplýsingum um réttindi sjóðfélaga úr réttindabókhalda sjóðsins sem sjóðurinn lét í té. Við mat eignaliða er einnig stuðst við upplýsingar fengnar úr ársreikningi og fjárhagsbókhalda sjóðsins.

Helstu reikniforsendur sem notaðar eru við athuginina eru :

Raunávöxtun eigna sjóðsins verði 2,0% árlega umfram hækkun lífeyrisréttinda
Lífslíkur sjóðfélaga : samkvæmt reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum árin 2014-2018
Lífslíkur rétthafa : samkvæmt íslenskri reynslu 2014-2018
Örorkulíkur sjóðfélaga : Eftir reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum 2011-2016, með sérstakri aðlögun fyrir Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Viðmiðun lífeyrisréttinda við mat skuldbindinga er janúar mánuður komandi árs. (2021)

Skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið til sjóðsins vegna iðgjaldatímabíla fram til loka 2020 kallast áfallnar skuldbindingar. Heildar lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru skuldbindingar sjóðsins þegar einnig er ætlað fyrir réttindum vegna iðgjalda núverandi sjóðfélaga sem eiga eftir að berast fram að lífeyristöku þeirra.

Samkvæmt 22. grein samþykpta sjóðsins ber launagreiðendum að endurgreiða hluta af lífeyrisgreiðslum aðalsjóðs. Núgildandi endurgreiðsluhlutfall er 73%.

Auk þess nýtur sjóðurinn bakábyrgðar Reykjavíkurborgar.

Sjóðurinn er eins og aðrir lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar undanþeginn þeim mörkum sem almennt eru áskilin í l. 129/1997 um hámarks vikið milli eigna og skuldbindinga.

Eignir sjóðsins að metöldum iðgjöldum og væntanlegum endurgreiðslum reiknast 124.900,7 milljónir og skuldbindingar 114.695,6 milljónir. Eignir reiknast því 10.205,1 milljónir umfram skuldbindingar sem er 8,9% af skuldbindingum. Er það töluverð breyting frá fyrra ára, þegar eignir umfram skuldbindingar reiknuðust rúm 25%. Ástæðan er einkum sú að Reykjavíkurborg hefur varið hluta söluverðs Landsvirkjunar sem sjóðurinn varðveitti til uppgjörs á endurgreiðsluskyldu launagreiðanda. Við það lækka áætlaðar framtíðar tekjur sjóðsins af endurgreiðslu, en einnig hækkuðu skuldbindingar verulega vegna mikillar hækkunar viðmiðunarvísitölu og launa starfandi sjóðfélaga. Ekki er búist við að reyna muni á bakábyrgð borgarsjóðs á skuldbindingum sjóðsins, og miðað við óbreyttar endurgreiðslur má gera ráð fyrir að sjóðurinn eigi talsverðar eignir þegar allar lífeyrisskuldbindingar hafa verið greiddar.

Nánari grein er gerð fyrir forsendum, reikniaðferðum og niðurstöðum hér á eftir. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ber að skoða sem vænta niðurstöðu úr reiknilíkani þar sem byggt er á forsendum sem eru háðar óvissu. Mismunur milli niðurstöðu reiknilíkansins og raunveruleika geta komið fram bæði vegna tilviljanasveiflna, einkum þegar sá hópur sem reiknað er fyrir er lítill, og einnig vegna þeirrar miklu óvissu sem er um forsendur sem notaðar eru. Forsendur reiknilíkansins lúta að vöxtum, dánarlíkum og fleiru áratugi fram í tímann og því nánast óhjákvæmilegt að frávik komi fram frá þeim forsendum sem reiknað er eftir.

Virðingarfyllst,



Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

RÉTTINDAÁKVÆÐI

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris og skylda þeirra til greiðslu iðgjalda til sjóðsins fara eftir ákvæðum samþykktu sem staðfestar voru af fjármálaráðuneyti í nóvember árið 2011. Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga frá og með 1. janúar 1998 og fellur starfssemi sjóðsins undir ákvæði 54. gr. l. 129/1997.

Sjóðfélagar skyldu vera allir starfsmenn Reykjavíkurborgar og stofnana hennar sem unnið höfðu hjá þessum aðilum hálf tölfrá starf eða meira í fulla tólf mánuði og féllu undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, einnig teljast elli- og örorkulífeyrisþegar til sjóðfélaga.

Iðgjöld til sjóðsins eru 12% af föstum launum, og greiðir sjóðfélagi 4% og vinnuveitandi 8%. Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður. Eftir það greiðir launagreiðandi 12% iðgjald.

Lífeyrisréttindi sem sjóðurinn veitir ef sjóðfélagi á að baki a.m.k. 5 réttindaár, eru ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 10% eða meira, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku elli- eða örorkulífeyris.

Ávinnast fyrir hvert ár í fullu starfi 2% elli- og örorkulífeyrisréttur fyrstu 32 starfsár. Síðan ávinnst 1% á ári þar til að rétti til töku ellilífeyris er náð. Makalífeyrisréttur er 50% af ellilífeyrisrétti, að viðbættum 20% af viðmiðunarlaunum hafi sjóðfélagi ekki látið af starfi í lífanda lífi af öðrum orsökum en elli eða örorku.

Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár án skerðingar réttinda. Sjóðfélagi skal þó greiða iðgjöld til þess að 95 ára markinu er náð en réttindi skulu þó að hámarki vera 64% við 95 ára markið.

Lífeyrisréttindi eru miðuð við laun sem fylgja starfi því er sjóðfélagi gegndi síðast (eftirmannsregla), en breytast eftir það með meðalvísitölu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sem Hagstofa Íslands reiknar út. Áður gildi hjá sjóðnum svokölluð eftirmannsregla, þar sem lífeyrisréttindi fylgdu launum fyrir starf það er sjóðfélagi gegndi síðast. Sjóðfélagar sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi svo og þeir sjóðfélagar sem höfðu byrjað töku lífeyris er breytingin var gerð geta þó valið að fylgja eftirmannsreglu áfram.

Ef staða eða starf sjóðfélaga er lagt niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við fyrrnefnda vísitölu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu.

Sérstök ákvæði gilda að auki um lífeyrisréttindi fyrir vaktavinnu og greiða sjóðfélagar 4% iðgjald af launum fyrir vaktavinnu og launagreiðandi 6%. Reiknað er hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslum miðað við sérstök viðmiðunarlaun sem sjóðstjórn ákveður, og ávinnst fyrir hverja 12 mánaða

iðgjaldagreiðslu réttur til 2% elli- og örorkulífeyris og 1% makalífeyris af viðmiðunarlaununum.

Ofangreind ákvæði gilda ekki um réttindi sjóðfélaga sem ekki ná fimm ára starfstíma. Um réttindi þeirra gilda ákvæði samkvæmt grundvallarreglugerð Sambands almennra lífeyrissjóða frá árinu 1997 og eru réttindi þeirra sjóðfélaga varðveitt í B-deild sjóðsins. Fyrir hvert ár sem greitt er til sjóðsins ávinnst ellilífeyrisréttur sem er 1,4% af þeim launum sem greitt er af og eru þau réttindi verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs. Ellilífeyrisaldur er 67 ár og makalífeyrisréttur er ekki ávilangur.

Borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins, en auk iðgjaldagreiðslna skulu borgarsjóður og viðkomandi stofnanir endurgreiða tiltekið hlutfall af útgjöldum til lífeyrisgreiðslna. Hlutfallið er ákveðið af borgarstjórn að fenginni umsögn tryggingafræðings og sjóðsstjórnar. Endurgreiðsluhlutfall var ákveðið 73% fyrir árið 2021. Á árinu var hluta af greiðslu vegna eignarhluta Reykjavíkurborgar vegna sölu Landsvirkjunar varið til uppgreiðslu á endurgreiðsluskyldu vegna tveggja stofnana.

Ofangreind samantekt um ákvæði samþykkt er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til 3. greinar samþykkt um aðild að sjóðnum, 12. - 17. greinar varðandi skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og réttindaöflun, til 9. greinar um iðgjaldagreiðslur og loks 10. og 23. greinar um ábyrgð á sjóðnum og endurgreiðslu lífeyris.

GÖGN

Helstu gögn sem stuðst hefur verið við eru:

A) Upplýsingar um einstaka lífeyrisþega og greiðslur til þeirra í desember 2020. Greiðslum er einnig skipt eftir stofnunum og tegund lífeyris, og greint á milli réttinda í aðalsjóð, B-deild og lífeyrisréttindi vegna vaktavinnu.

B) Skrá um öflun lífeyrisréttinda hvers sjóðfélaga sem réttindi átti í aðalsjóði á hverju ári sem greitt hefur verið til sjóðsins. Upplýsingar eru aðgreindar eftir kennitölu launagreiðanda, með upplýsingum um réttindahlutfall sjóðfélagans, fyrsta og síðasta ár sem réttinda er aflað og réttindahlutfall síðasta árs í starfi hjá viðkomandi launagreiðanda ásamt greiddu iðgjaldi. Upplýsingar eru aðgreindar eftir því hvort um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu, eða iðgjaldagreiðslur sem afla réttinda í B-deild sjóðsins.

C) Aflað var upplýsinga um viðmiðunarlaun starfandi sjóðfélaga í janúar 2021.

Fyrir alla sjóðfélaga fengust upplýsingar um fæðingardag og kyn.

Gagna B) var aflað úr réttindabókhaldi sjóðsins. Upplýsingar um réttindaöflun sjóðfélaga er í tölvukerfi sem kallað er Kría, frá Fuglum hugbúnaðarhúsi. Upplýsingar um lífeyrisþega eru fengnar úr réttindakerfinu. Einnig fengust einnig upplýsingar um desember- og orlofsuppbót, svo og um viðmiðunarlaun fyrir öflun réttinda fyrir vaktavinnu. Gögnum varðandi lið C var safnað af rekstraraðila sjóðsins hjá viðkomandi stofnunum.

Þá er stuðst við fyrri ársreikninga sjóðsins og drög að ársreikningi fyrir árið 2020, síðast frá 26.03.2021.

Sjóðfélögum með réttindi í B-deild fjölga lítillega frá því sem talið var í lok síðasta árs. Ástæðan er nú eru einstaklingar í aðalsjóði sem í réttindakerfi sjóðsins eru taldir einnig með rétt í B-deild einnig taldir sem einstaklingar með rétt í B-deild. Þau réttindi sem hér um ræðir eru óveruleg og breyta ekki mati skuldbindinga sjóðsins verulega. Hugsnalegt er að þessi réttindi eigi að falla niður vegna aðildar að aðalsjóði, en þar til víska er fengin þar um eru réttindin talin hér með.

Iðgjaldgreiðslur ársins 2020 hafa verið bornar saman við iðgjaldgreiðslur samkvæmt ársreikningi og lífeyrisgreiðslur desember 2020 bornar saman við lífeyrisgreiðslu ársins samkvæmt ársreikningi. Þá hafa upplýsingar um réttindi sjóðfélaga verið borin saman við samsvarandi upplýsingar frá athugun fyrra árs.

Hafa þessar athuganir ekki bent til annars en að byggja megi mat skuldbindinga sjóðsins á þeim gögnum sem fyrir liggja úr réttindakerfi, en gögn hafa ekki verið sannreynð með samanburði við frumgögn eða öðrum hætti en þeim sem hér er lýst.

IÐGJÖLD, LÍFEYRISGREIÐSLUR OG KOSTNAÐUR

Tafla I. Iðgjöld lífeyrisgreiðslur og kostnaður– fjárhæðir í milljónum

Ár	Iðgjöld	Rekstrar- kostnaður	Lífeyrir	Endurgr. lífeyris
1999	420,7	16,2	724,2	357,4
2000	394,2	26,3	924,7	418,9
2001	439,8	30,0	1.005,3	449,3
2002	544,0	32,1	1.145,7	403,3
2003	498,3	32,2	1.271,4	437,3
2004	482,2	40,1	1.353,4	690,9
2005	472,6	53,5	1.560,1	712,0
2006	499,0	57,3	1.737,6	798,0
2007	511,3	57,5	1.933,0	888,3
2008	507,0	68,0	2.064,3	976,8
2009	528,9	84,8	2.288,5	1.082,9
2010	467,3	90,6	2.377,1	1.135,7
2011	457,9	130,8	2.473,8	1.211,8
2012	443,2	147,5	2.708,8	1.328,7
2013	429,1	169,8	2.924,8	1.448,5
2014	433,6	176,2	3.207,4	1.597,1
2015	419,5	208,7	3.601,6	1.668,8
2016	429,9	158,9	4.135,6	2.073,6
2017	405,7	189,9	4.442,3	2.137,1
2018	373,3	200,3	4.984,8	2.383,0
2019	327,4	192,9	5.390,7	2.607,4
2020	390,1	188,4	5.717,6	2.907,7

Lífeyrisgreiðslur hafa frá árinu 2000 verið hærra en iðgjaldtekjur og endurgreiðslur lífeyris. Árin 2002 til 2006 fór fram uppgjör áfallinna lífeyrisskuldbindinga fyrir hluta aðildarstofnana sem ekki kemur fram í þessari töflu. Þá lagði Reykjavíkurborg 2007 inn til sjóðsins skuldabréf sem fengin voru fyrir sölu á hluta borgarinnar í Landsvirkjun sem kemur heldur ekki fram í töflunni.

REIKNIFORSENDUR

Reikniforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða eru tilgreindar í lögum 129/1997 og reglugerð 391/1998 sem fjármálaráðherra setur með heimild í fyrrgreindum lögum. Tryggingafræðingi er heimilt að víkja frá þessum staðalforsendum ef talið er að sérstakar aðstæður í viðkomandi sjóð verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við. Engu að síður skal reiknað eftir staðalforsendum og sú niðurstaða birt til samanburðar. Með reglugerð 391/1998 er fjármálaráðuneyti falið að gefa út töflur um lífs- og örorkulíkur til nota sem staðalforsendur fyrir tryggingastærðfræðilegar athuganir og jafnframt töflur um hjúskapar- og barneignalíkur, að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Á árinu 2018 samþykkti Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga nýjan reiknigrundvöll fyrir mat eftirlauna- og örorkuskuldbindinga fyrir íslenska lífeyrissjóði. Grundvöllurinn er byggður á athugun sem náði til allra íslenskra lífeyrissjóða og er ýmis nýmæli að finna í útreikningsaðferðum. Má þar nefna að endurhæfing öryrkja er metin beint og einnig er gert ráð fyrir mismundandi lífslíkum öryrkja og annarra sjóðfélaga. Þá eru lífslíkur metnar eftir reynslu sjóðfélaga lífeyrissjóða en ekki þjóðarinnar allrar. Tekið var mið að dánarreynslu árána 2010-2014 og örorkureynslu árána 2011-2016. Grunnurinn var uppfærður árið 2019 með tilliti til breytinga á dánarreynslu þjóðarinnar frá árunum 2010-2014 til árána 2014-2018. Fjármálaráðuneytið hefur gefið grunnin út í þessari mynd sem staðalforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir.

Við tryggingafræðilega athugun Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2020 er þessi reiknigrundvöllur notaður, með aðlögun að örorkureynslu Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar. Er örorkutíðni kvenkyns sjóðfélaga lækkuð í 67% af meðalörkutíðni grunnsins. Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá. Þá er um fjölda barna byggt á íslenskum barneignalíkum.

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður sem meðaltal rekstrarkostnaðar sjóðsins árin 2018-2020, uppfært til verðlags í lok árs 2020. Er gert ráð fyrir að kostnaður verði sama hlutfall af skuldbindingum sjóðsins til framtíðar núvirt með 3,5% vöxtum. Er það frávik frá því sem miðað er við í leiðbeinandi reglum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga þar sem miðað er við að kostnaður verði óbreyttur í 50 ár. Fyrir sjóð eins og Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar sem ekki hefur tekið við nýjum sjóðfélögum í tuttugu ár má ætla að í því fælist verulegt ofmat á þeim kostnaði sem leggjast mun á sjóðinn. Rekstrarkostnaði er skipt milli áfallinna og framtíðarskuldbindinga í hlutfalli við mat skuldbindinga og iðgjalda.

Í reglugerð 391/1998 var gert ráð fyrir frádrætti frá eignum vegna fjárfestingarkostnaðar sem miða skyldi við meðaltal skrifstofukostnaðar sem færður er undir fjárfestingargjöld þrjú undangengin ár. Eftir 2015 er ekki að finna í ársreikningi skiptingu skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar milli fjárfestinga og rekstrarkostnaðar. Miðað við árin 2015 og fyrr hækkar mat rekstrarkostnaðar að sama skapi og heildarmat kostnaðar er svipað en frádrátt vegna fjárfestingarkostnaðar er ekki að finna sem sérstakan lið.

Hinar nýju reglur Fjármálaeftirlits um ársreikninga lífeyrissjóða áskilja að í yfirliti um niðurstöður tryggingafræðilegra athugana sé rekstrarkostnaður dreginn frá eignum í stað þess að teljast með skuldbindingum, og er sú aðferð einnig sýnd hér í fylgiskjöllum.

Varðandi mat réttinda sem fylgja launum skal samkvæmt reglugerð 391/1998 almennt miðað við 2% vaxtaforsendu. Þó er í reglugerðinni undanþáguákvæði sem heimilar að miða við 3% vexti : "Þegar um er að ræða lífeyrissjóð sem fellur undir 54. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lífeyrisréttindi miðast við kaupgjald skal þó heimilt að nota 3% vaxtaviðmiðun enda hafi sjóðfélögum verið gefinn kostur á aðild að nýju réttindakerfi fyrir 1. júlí 1998." Virðist þetta ákvæði geta átt við um aðalsjóð LsRb en hér eru þó skuldbindingar aðeins reiknaðar miðað við 2% ávöxtun umfram hækkun launa enda munu aðildarstofnanir hafa fært skuldbindingar með þeim hætti undanfarin ár.

Réttindi í B-deild sjóðsins fylgja vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og eru skuldbindingar metnar miðað við 3,5% ávöxtunarforsendu.

LAUNAVIÐMIÐUN

Fyrir stærstan hluta sjóðfélaga liggja fyrir staðfestar upplýsingar um hver eru viðmiðunarlaun lífeyrisréttinda þeirra sem ekki voru farnir að taka lífeyri í lok árs 2020.

Á árinu 2000 var ákvæðum samþykkt sjóðsins breytt í þá veru að þeir sjóðfélagar sem hætta greiðslu til sjóðsins án þess að hefja töku lífeyris í beinu framhaldi eiga nú rétt til lífeyris sem miðast við síðustu laun, verðtryggð með vísitölu hækkunar meðallauna opinberra starfsmanna sem Hagstofa Íslands reiknar. Fyrir þá sem hætt hafa störfum fyrir gildistöku breytingar er gert ráð fyrir að miðað verði við laun eftirmanns í júní á árinu 2000. Hefur stærstum hluta sjóðfélaga sem létu af störfum fyrir júní 2000 verið fundinn launaflokkur til viðmiðunar á þeim tíma og sama gildir um þá sem látið hafa af störfum síðan, og eru þau laun síðan færð til kauplags í lok árs 2020 með breytingu viðmiðunarvísitölnnar. Miðað er við gildi vísitölnnar í nóvember 2020, sem er það gildi sem miðað er við fyrir greiðslur lífeyris vegna janúarmánaðar 2021.

Fyrir aðra sjóðfélaga með geymdan rétt var metið hver viðmiðunarlaun myndu vera. Laun voru metin með þeim hætti að fundið var fyrir hvern sjóðfélaga iðgjald síðasta greiðsluárs og réttindahlutfall áunnid á árinu og laun fyrir fullt starf ákvörðuð eftir hlutfalli áunninna réttinda miðað við fulla réttindaöflun og greitt iðgjald.

Laun voru síðan færð til verðlags í lok 2020, með hækkun um 1,5% árlega umfram hækkun vísitölu neysluverðs fram til meðaltals ársins 2000, en líta má svo á að munur á forsendum um ávöxtun umfram laun og umfram hækkun vísitölu neysluverðs feli í sér að meta megja hækkun launa umfram verðlag að meðaltali 1,5% árlega. Frá júní 2000 til loka árs 2020 er síðan miðað við hækkun vísitölu launa opinberra starfsmanna, gildi í nóvember.

Ef sjóðfélagi átti réttindi vegna starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda voru hæstu launin valin sem viðmiðunarlaun fyrir öll réttindi.

Fyrir sjóðfélaga sem voru í starfi á árinu 2020 var eins og áður sagði aflagð upplýsinga um viðmiðunarlaun í janúar 2021. Fyrir þá lífeyrisþega sem taka lífeyri sem tengdur er við

vísitölu meðallauna opinberra starfsmanna voru lífeyrisgreiðslur desember (sem miðast við gildi vísitölunnar í október) hækkaðar sem nam breytingu vísitölunnar til gildis nóvember. Ætti því viðmiðun allra lífeyrisréttinda að vera sambærileg, eða miðast við fjárhæð greiðslu vegna janúar mánaðar 2021, sem er í samræmi við mat eigna sjóðsins.

AÐFERÐIR VIÐ MAT SKULDBINDINGA OG EIGNA

Skuldbindingar sjóðsins eru metnar í tvennu lagi. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berast muni sjóðnum í framtíðinni vegna þeirra sjóðfélaga sem greiddu til hans iðgjöld á árinu 2020. Samtala þessara stærða eru heildarskuldbindingar sjóðsins

Varðandi makalífeyrisrétt til 20% af viðmiðunarlaunum sjóðfélaga til viðbótar við áunninn rétt sem er helmingur af ellilífeyrisrétti sjóðfélaga er réttinum fyrir virka sjóðfélaga skipt hlutfallslega milli áunnins réttar og framtíðarréttar.

Við mat skuldbindinga er fyrir lífeyrisþega miðað við úrskurðaðan lífeyri í desember 2020 og fyrir aðra sjóðfélaga reiknað hverjar verða muni lífeyrisgreiðslur til þeirra samkvæmt reglugerðarákvæðum sjóðsins miðað við þegar áunnin réttindi. Þegar heildarskuldbinding er reiknuð er miðað við allir sem töldust til virkra sjóðfélaga á árinu 2020 verði það áfram þar til starfi lýkur vegna elli- örorku eða andláts. Lífeyrisaldur er reiknaður sem 67 ár fyrir virka sjóðfélaga, 67 ár fyrir þá sem eiga geymd réttindi skv. SAL reglum, annars 65 ár. Skuldbinding vegna 95-ára reglu hefur ekki verið metin sérstaklega.

Eignir sjóðsins eru að hluta núvirtar miðað við sömu ávöxtunarforsendu og skuldbindingar, þ.e. 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

NIÐURSTÖÐUR

Miðað við þær aðferðir og forsendur sem raktar hafa verið eru niðurstöður sem hér segir fyrir sjóðinn í heild (Aðalsjóð og B-deild) að teknu tilliti til skyldu launagreiðenda til endurgreiðslu hluta lífeyris í Aðalsjóð (fjárhæðir í milljónum) Miðað er við endurgreiðsluhlutfall 73% og aðeins gert ráð fyrir endurgreiðslu á lífeyri sjóðfélaga í aðalsjóði. Ekki er gert ráð fyrir endurgreiðslu skuldbindinga í þeim tilvikum sem stofnanir og fyrirtæki hafa gert upp endurgreiðsluskyldu sína við sjóðinn að fullu eða að hluta með eingreiðslu eða með greiðslu samtímaíðgjalds. Rekstrarkostnaður er hér talinn með skuldbindingum, í samræmi við það sem gert er ráð fyrir í leiðbeinandi reglum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um tryggingafræðilegar athuganir og framsetningu í skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins fyrir skýrslu lífeyrissjóða um tryggingafræðilegar athuganir 2020.

Staða sjóðsins að teknu tilliti til endurgreiðslu launagreiðenda sýnir nú minni eignir umfram skuldbindingar en var í lok fyrra árs. Reykjavíkurborg ráðstafaði á árinu til uppgjörðs endurgreiðsluskyldu hluta þeirra eigna sem lagðar voru inn til sjóðsins vegna sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun. Við það lækka áætlaðar tekjur af endurgreiðslum til framtíðar. Einnig hækkuðu skuldbindingar verulega vegna mikilla hækkunar viðmiðunarvísitölu réttinda og mikillar hækkunar launa starfandi sjóðfélaga.

Tafla II			
Tryggingafræðileg staða Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2020			
fjárhæðir í milljónum			
Eignir			
	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir:	87.083,0	0,0	87.083,0
Endurmat	-8.667,3	0,0	-8.667,3
	-943,0	0,0	-943,0
Endurgreiðslur		46.062,7	46.062,7
Iðgjöld:	0,0	1.365,4	1.365,4
Samtals:	77.472,6	47.428,1	124.900,7
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir:	91.353,4	2.812,1	2.812,1
Örorkulífeyrir:	1.418,7	19,0	19,0
Makalífeyrir:	16.021,4	327,1	327,1
Barnalífeyrir:	1,2	1,8	1,8
Kostnaður:	2.631,4	109,4	109,4
Samtals:	111.426,2	3.269,4	3.269,4
Mismunur:	-33.953,6	44.158,6	10.205,1
Hlutf. af skuldb.	-30,5%	1350,6%	8,9%

Hér á eftir er sýnd niðurstaða án tillits til skyldu aðildarstofnana til endurgreiðslu á lífeyri, sbr. 22. gr. samþykka sjóðsins.

Tafla III			
Tryggingafræðileg staða Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2020			
fjárhæðir í milljónum – án endurgreiðsluskyldu			
Eignir			
	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir:	87.083,0		87.083,0
Endurmat	-8.667,3		-8.667,3
	-943,0		-943,0
Iðgjöld:		1.365,4	1.365,4
Samtals:	77.472,6	1.365,4	78.838,0
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir:	91.353,4	2.812,1	94.165,6
Örorkulífeyrir:	1.418,7	19,0	1.437,7
Makalífeyrir:	16.021,4	327,1	16.348,5
Barnalífeyrir:	1,2	1,8	3,0
Kostnaður:	2.631,4	109,4	2.740,8
Samtals:	111.426,2	3.269,4	114.695,6
Mismunur:	-33.953,6	-1.904,1	-35.857,6
Hlutf. af skuldb.	-30,5%	-58,2%	-31,3%

FYLGISKJÖL

1. Tryggingafræðileg athugun í lok árs 2020
2. Tryggingafræðileg athugun í lok árs 2020 – án endurgreiðsluskyldu
3. Skipting skuldbindinga eftir stofnunum
4. Uppgerðar lífeyrisskuldbindingar eftir stofnunum
5. Lífeyrisréttindi starfsmanna sem öfluðu réttinda 2020
6. Lífeyrisréttindi starfsmanna sem látið hafa af störfum í lok árs 2020
7. Lífeyrisréttindi starfsmanna sem látið hafa af störfum í lok árs 2020 – B-sjóður
8. Greiðslur til lífeyrisþega í desember
9. Sundurliðun skuldbindinga, eftir reiknigrundvelli FÍT2019
10. Breyting skuldbindinga frá lokum árs 2019
11. Breyting skuldbindinga 2019 og 2020, framsetning skv. reglum um ársreikninga
12. Tryggingafræðileg staða, miðað við staðalforsendur tryggingafræðilegra athugana
13. Tryggingafræðileg staða, með framsetningu eftir reglum um ársreikninga